

SAMÞYKKTIR
(SKIPULAGSSKRÁ)
fyrir Nýsköpunarnet Vesturlands (NÝVEST) ses.

I. KAFLI

Nafn, heimili, tilgangur og stofnendur

1. gr.

Nýsköpunarnet Vesturlands (NÝVEST) ses. er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur samkvæmt lögum nr. 33/1999.

2. gr.

Heimilisfang Nýsköpunarnets Vesturlands (NÝVEST) ses. er að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, skóla á háskóla og framhaldsstigi, stofnana, hagsmunahópa og sveitarfélaga á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og þróunarstarfs, menntunar, rannsókna og skapandi greina. Félagið skal sinna miðlun upplýsinga til þeirra sem eru aðilar að starfseminni, aðstoða eftir föngum við úrlausn verkefna og umsóknir um styrki. Starfsemi félagsins er opin öllum þeim sem hagsmuni hafa af jákvæðri byggðaðróun í víðtækum skilningi á Vesturlandi. Félagið skal hafa reglubundið samráð við stofnendur félagsins.

Við slit félagsins skal hagnaði og öllu eigin fé ráðstafað til samfélagslegra verkefna á Vesturlandi eftir ákvörðun stofnfjáreigenda í samræmi við tilgang félagsins.

Stofnendur félagsins eru:

Nr.	Nafn	Kennitala	Heimili	Pnr.	Staður	Uppæð
1	Landbúnaðarháskóli Íslands	411204-3590	Hvanneyri	311	Borgarnesi	30.000
2	Grundarfjarðarbær	520169-1729	Borgarbraut 16	350	Grundarfjörður	30.000
3	Mannvit ehf	430572-0169	Garðabraut 2a	300	Akranesi	30.000
4	Símenntun	540199-3539	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnesi	30.000
5	Bifreiðastöð ÞÞÞ	480794-2069	Smiðjuvöllum 15	300	Akranesi	30.000
6	Rjómaþúð Erpsstaðir	580110-0880	Erpstöðum	371	Búðardal	30.000
7	Þorgrímur Einar Guðbjartsson	070769-5149	Erpstöðum	371	Búðardal	10.000
8	Kaupfélag Borgfirðinga	680169-6679	Egilsholti 1	310	Borgarnesi	30.000
9	Árnasetur / Suðureyjar ehf	551020-2230	Aðalgötu	340	Stykkishólmi	30.000
10	Fiskmarkaður Íslands	601191-1219	Norðurtanga	355	Ólafsvík	30.000
11	Landmælingar	710169-3309	Stillholti 16-18	300	Akranesi	30.000
12	Creatrix	520718-0790	Helgugötu 13	310	Borgarnesi	30.000
13	ArTTré	420714-0250	Ægisbraut 11	300	Akranesi	30.000
14	Inga Rósa Loftsdóttir	190362-5909	Akurgerði 22	300	Akranesi	10.000
15	Gunnar Kristjánsson	271050-2409	Fagurhólstúni 16	350	Grundarfirði	10.000
16	Snæfellsbær	510694-2449	Klettsbúð 4	360	Snæfellsbæ	30.000
17	Arion banki	581008-0150	Digranesgötu 2	310	Borgarnesi	30.000
18	Agnúi ehf.	550102-2420	Jörundarholti 126	300	Akranesi	30.000
19	Björn Sverrisson	260254-2439	Hjallatanga 12	340	Stykkishólmi	10.000

20	Hólshlíð ehf	530206-2460	Sólheimar 23	104	Reykjavík	30.000
21	Bárður Guðmundsson	050953-3869	Miðbrekka 5	355	Ólafsvík	10.000
22	Fiskmarkaður Snæfellsbæjar	461015-0770	Bankastræti 1	355	Ólafsvík	30.000
23	Breiðavík ehf	620597-2529	Miðbrekka 5	355	Ólafsvík	30.000
24	K.G. fiskverkun hf	410998-2469	Melnes 1	360	Rif	30.000
25	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	630909-0740	Merkigerði 9	300	Akranesi	30.000
26	Stykkishólmsbær	620269-7009	Hafnargata 3	340	Stykkishólmi	30.000
27	Borgarbyggð	510694-2289	Digranesgata	310	Borgarnesi	30.000
28	Hvalfjarðarsveit	630606-1950	Innrimel 3	301	Akranesi	30.000
29	Ólafur Sveinsson	300952-3139	Langholtiðvegur 80	104	Reykjavík	10.000
30	Páll S. Brynjarsson	010365-4819	Þórðargötu 14	310	Borgarnesi	10.000
31	Mýranaut	460607-1750	Leirulæk	311	Borgarnesi	30.000
32	Grammatek	641018-0820	Bárugötu 8	300	Akranesi	30.000
33	Elkem	640675-0209	Grundartanga	301	Akranesi	30.000
34	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	610673-0239	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnesi	30.000
35	Háskólinn á Bifröst	550269-0239	Bifröst	311	Borgarnesi	30.000
36	Stefán Kalmansson	090261-5849	Kalmanstunga	320	Reykholt	10.000
37	Hraðfrystihús Hellissands	630169-6829	Hafnarbakka 1	360	Hellissandur	30.000
38	Helga Guðjónsdóttir	050269-3889	Engihlíð 16	355	Ólafsvík	10.000
39	Eyja- og Miklaholtshreppur	690894-2469	Hofsstöðum	311	Borgarnesi	30.000
40	Skorradalshreppur	600269-0709	Horni	311	Borgarnesi	30.000
41	Menntaskóli Borgarfjarðar	530606-0900	Borgarbraut 54	310	Borgarnesi	30.000
42	Dalabyggð	510694-2019	Miðbraut 11	370	Búðardal	30.000
43	Vínlandssetur	500320-1170	Búðarbraut 1	370	Búðardal	30.000
44	Bjarnheiður Jóhannsdóttir	131267-3129	Jörva	371	Búðardal	10.000
45	Gelmir, rekstrarfélag	630108-1870	Fljótstunga	320	Reykholt	30.000
46	Skipavík	700175-0149	Nesvegi 20	340	Stykkishólmur	30.000
47	Ragnhildur Sigurðardóttir	091072-4759	Álftavatni	356	Snæfellsbær	10.000
48	Gréta María Árnadóttir	251285-2259	Nestún 5	340	Stykkishólmi	10.000
49	Gísli Gíslason	090755-3829	Sólmundarhöfða 7	300	Akranesi	10.000
50	Þór Örn Jónsson	080258-3139	Ásklif 16	340	Stykkishólmi	10.000
51	Steypustöðin	660707-0420	Malarhöfða 10	110	Reykjavík	30.000
52	Akraneskaupstaður	410169-4449	Dalbraut 4	300	Akranesi	30.000
53	Vesturlandsapótek	510806-0850	Smiðjuvöllum 32	300	Akranesi	30.000
54	Breið-Þróunarfélag ses.	500820-0710	Bárugötu 8	300	Akranesi	30.000
55	Vífill Karlsson	221265-4839	Þórunnargötu 1	310	Borgarnesi	10.000
56	Rut Ragnarsdóttir	030386-3299	Naustabúð 15	360	Hellissandi	10.000
57	Fjölbrautarskóli Vesturlands	681178-0239	Vogabraut 5	300	Akranesi	30.000
58	Svala Svavarsdóttir	010574-4399	Þorsteinsgötu 14	310	Borgarnesi	10.000
59	Fjölbrautarskóli Snæfellinga	470104-2010	Grundargata 44	350	Grundarfirði	30.000

60	Brákarhlið - hjúkrunar og dvalarheimili	430371-0109	Borgarbraut 65	310	Borgarnesi	30.000
61	KPMG	590975-0449	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnesi	30.000
62	Ólöf Guðmundsdóttir	270465-4719	Stangarholti	311	Borgarnesi	10.000
						Samtals: 1.500.000

II. KAFLI

Stofnfé og tekjur

4. gr.

Stofnfé kr. 1.000.000 skrifað: einmilljón króna 0/00, er framlag stofnenda. Félagið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum sem hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í félaginu tilheyra þeim sem lagt hafa fram stofnfé.

5. gr.

Tekjur félagsins skulu vera: Styrkir, gjafir, tekjur af sérfræðiráðgjöf, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast. Aðrar tekjur.

III. KAFLI

Breytingar á stofnskrá

6. gr.

Stofnskrá og samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 (tveggja þriðja) þess stofnfjár sem lagt hefur verið fram og mættir eru á aðalfundinn, til þess að öðlast gildi.

IV. KAFLI

Stjórn og framkvæmdastjóri

7. gr.

Í stjórn félagsins skulu eiga sæti a.m.k. sjö fulltrúar, sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn situr til eins árs í senn og kýs aðalfundur nýja stjórn til sama tíma í lok starfsár. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins samkvæmt lögum og skipulagsskrá þessari og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

8. gr.

Stjórn skal starfa í samræmi við tilgang sinn samkvæmt samþykktum þessum. Aðalfundur tekur ákvörðun um samngjarna þóknun fyrir framlag stjórnar.

9. gr.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða gera þjónustusamning við þar til hæfan aðila um rekstur og framkvæmdastjórn og veita prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann ber ábyrgð á reikningshaldi og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Stjórnarfund skal halda ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krefst þess. Stjórnin er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé

þess nokkur kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns stjórnar ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðabók skal undirrituð af þeim er fund sitja.

V. KAFLI

Úthlutun fjár

11. gr.

Stjórn getur einvörðungu ráðstafað fjármunum í samræmi við tilgang félagsins og að öðru leyti til þess að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði. Stjórn er heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur félagsins. Hagnaði af rekstri félagsins skal varið til starfsemi félagsins í samræmi við tilgang þess samkvæmt ákvörðun stjórnar. Verði tap af rekstrinum skal það greitt af eignum félagsins.

VI. KAFLI

Aðalfundur

12. grein

Stjórn félagsins boðar árlega til aðalfundar með rafrænum hætti og skal fyrirvari á fundarboði vera tvær vikur. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Kosning sjö aðila í stjórn og eins fulltrúa til vara..
6. Kosning endurskoðanda fyrir félagið.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Atkvæðavægi stofnfjáreigenda fer eftir hlutfalli framlagðs stofnfjár.

VII. KAFLI

Reikningar félags og endurskoðun

13. gr.

Stjórn skal tilnefna endurskoðanda til eins starfsárs í senn. Skal hann skoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir stjórn. Endurskoðandi má hvorki tilnefna úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir félaginu eða stofnendum þess. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

14. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Ársreikningur, undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra ef hann hefur verið ráðinn, með áritun endurskoðanda, skal senda stofnendum til kynningar. Mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda ársreikningaskrá ársreikning eða samstæðureikning, ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur af stjórn.

VIII. KAFLI

Slit félagsins

15. gr.

Ákvörðun um slit félagsins án gjaldþrotaskipta skal tekin á fundi stofnfjáreigenda og þarf jafnframt samþykki aðila 2/3 (tveggja þriðju) þess stofnfjár sem lagt hefur verið fram, til að ákvörðun um slit sé

gild. Í kjölfar löglegrar ákvörðunar um slit félagsins, skal tilkynna Sjálfseignastofnanaskrá um skipan skilanefndar samkvæmt ákvörðun stjórnar. Skilanefnd fylgir ákvæðum laga nr. 138/1994, um einkahlutfélög, eins og við getur átt.

IX. KAFLI **Lokaákvæði**

16. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir, nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi Nýsköpunarnets Vesturlands (NÝVEST) ses. haldinn á að Bárugötu 8-10 á Akranesi hinn 6. apríl 2022 og undirritað af stjórn félagsins til staðfestingar: